



Endurskoðun fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar

Ákvarðanir og vinnuferli

Í starfsáætlun Fjarðabyggðar sem samþykkt var í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 29. nóvember 2018 var ákveðið að endurskoða fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar á fyrri hluta ársins 2019. Ábyrgðaraðilar fyrir endurskoðuninni voru fræðslunefnd og íþrótt- og tólmstundanefnd. Ákveðið var að skipa starfshóp sem hefði víða skírskotun í samfélaginu, samið var erindisbréf fyrir hann og fræðslustjóri og íþrótt- og tólmstundafulltrúi skipaðir starfsmenn hans. Í erindisbréfinu kemur fram hlutverk hópsins og hverjir eigi fulltrúa í honum. Sjá erindisbréf.

Kallað var eftir tilnefningum í starfshópinn og fulltrúar boðaðir til fyrsta fundar 28. janúar. Hópurinn hélt samtals sex fundi 28. janúar, 12. febrúar, 7. mars, 27. mars, 3. maí og 28. maí. Eftirtaldir fulltrúar sátu fundina:

Sigurjón Egilsson, Bryndís Guðmundsdóttir, Sonja Einarsdóttir, Karna Sigurðardóttir, Hjördís Helga Seljan, Marta Magdalena Bagiska, Guðlaug Björgvinsdóttir, Guðrún Helga Guðjónsdóttir, Sigurður Ólafsson, Helga Elísabet Guðlaugsdóttir, Birta Sæmundsdóttir, Lís Lotta Björnsdóttir, Hafliði Hinriksson, Kjartan Mar Garski Ketilsson, Sigurbjörn Marinósson, Erla Ólafsdóttir, Birgir Jónsson, Elsa Sigrún Elísdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Guðrún Lilja Magnúsdóttir, Ásta Eggertsdóttir, Jóhann Valgeir Davíðsson, Eysteinn Þór Kristinsson, Bjarki Ármann Oddsson og Þóroddur Helgason.

Starfshópurinn fékk til sín utanaðkomandi fagaðila með ákaflega gagnleg innlegg inn í vinnuna. Eftirfarandi aðilar komu með innlegg:

Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju Menntamála hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar,

Heiðrún Janusardóttir, verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála hjá Akranesi

Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri á Fljótsdalshéraði og

Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri í Árborg.

Í febrúar óskaði starfshópurinn eftir því að í stað aðgerðaráætlunar til þriggja ára yrði unnið að áherslum til þriggja ára. Breytingin var borin undir bæjarráð sem samþykkti breytinguna.

Starfshópurinn ákvað á fundi sínum 12. mars að fara af stað með hugmyndavinnu þar sem fulltrúar nemenda í öllum leik- og grunnskólum Fjarðabyggðar, starfsmenn í leik-, grunn- og tónlistarskólum Fjarðabyggðar, starfsmenn félagsmiðstöðva og íþróttamiðstöðva í Fjarðabyggð og fulltrúar Fjarðaforeldra, Ungmennaráðs, Öldungaráðs og íþróttafélaga í Fjarðabyggð tækju þátt í stefnumótuninni með því að komu fram með sínar hugmyndir um draumaskólann/félagsmiðstöðina/íþróttamiðstöðina og draumasamfélagið. Fræðslustjóri og íþrótt- og tólmstundafulltrúi skipulögðu þá vinnu og að henni komu um 500 manns. Niðurstöður hugmyndavinnunnar voru teknar fyrir á fundi starfshópsins og niðurstöður dregnar saman. Hér má sjá niðurstöður vinnunnar.

Þegar drög að fræðslu- og frístundastefnu og aðgerðum til þriggja ára lá fyrir í byrjun maí voru þau kynnt í félagsmála-, fræðslu- og íþrótt- og tólmstundanefnd og bæjarráði. Í kjölfarið



var haldinn opinn fundur fyrir almenning þar sem stefnan og áherslurnar voru kynntar og tekið var við athugasemdum um það sem betur mætti fara.

Starfshópurinn skilaði af sér á tilskyldum tíma og nefndir, bæjarráð og bæjarstjórn samþykktu stefnuna á fundum sínum í júní 2019.

Ákveðið var í fræðslu- og íþróttá- og tómstundanefnd að láta prenta bækling á íslensku og dreifa á hvert heimili í Fjarðabyggð og jafnframt var ákveðið að þýða bæklingana á ensku og pólsku og hafa þá aðgengilega á vef Fjarðabyggðar. Hafsteinn Hafsteinsson myndskreytti bæklingana, fyrirtækið Gjallarhorn sá um umbrot þeirra, prentun annaðist Héraðsprent og þýðingu var í höndum fyrirtækisins Lingua. Fyrirnefndir aðilar unnu gríðarlega metnaðarfullt starf og segja má að þeir hafi sett rúsínuna í pylsuendanum.

Vefsvæði er á heimasíðu Fjarðabyggðar þar sem stefnan og áherslurnar eru aðgengilegar á íslensku, ensku og pólsku. Á vefsvæðinu eru einnig samantektir úr hugmyndavinnu ásamt erindisbréfi og lýsingu á ákvörðunum og vinnuferli í tengslum við endurskoðunina.

Með besta þakklæti til allra sem komu að þessari skemmtilegu vinnu og með ósk um farsæla framþróun í fræðslu- og frístundamálum í Fjarðabyggð.

Starfsmenn starfshópsins

Bjarki Ármann Oddsson, íþróttá- og tómstundafulltrúi og
Þóroddur Helgason, fræðslustjóri